

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2002

frá 27. september 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB frá 20. ágúst 2001 um sérreglur um flutning nautgripa sem eru settir á sumarreit í fjalllendi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 111. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„112. **32001 D 0672:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB frá 20. ágúst 2001 um sérreglur um flutning nautgripa sem eru settir á sumarreit í fjalllendi (Stjtið. EB L 235, 4.9.2001, bls. 23).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/672/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 235, 4.9.2001, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.